

ALMENNIR MARKAÐSSKILMÁLAR FYRIR VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI
MILLI ARION BANKA HF. OG VIÐSKIPTAVINA BANKANS

Gildistaka: 2. maí 2012

Efnisyfirlit

1.	Almennt.....	2
2.	Áhætta vegna viðskipta með fjármálagerninga	3
3.	Flokkun viðskiptavina.....	3
4.	Upplýsingar um viðskiptavini	3
5.	Eignaraðild.....	3
6.	Meðferð trúnaðarupplýsinga	4
7.	Samskipti aðila	4
8.	Tilkynningar Arion banka.....	5
9.	Varsla eigna og fjármuna	5
10.	Fyrirmæli viðskiptavinar	6
11.	Framkvæmd viðskiptafyrirmæla	7
12.	Skriflegt umboð.....	8
13.	Hljóðritun	8
14.	Kostnaður, gjöld, þóknanir og greiðslur	8
15.	Haldsréttur	9
16.	Tryggingar	9
	a) Tryggingar vegna viðskipta og viðbótartryggingar.....	9
	b) Tímamörk.....	10
17.	Skuldajöfnun.....	10
18.	Vanefndir, gjaldfellingarheimildir o.fl	10
	a) Óveruleg vanefnd	10
	b) Veruleg vanefnd	10
	c) Tilkynningar	11
	d) Aðferð við uppgjör, verðmat og umreikning	11
	e) Dráttarvextir	11
	f) Kostnaður.....	12
	g) Skuldfærsla.....	12
	h) Fullnustuheimildir	12
19.	Samningsskyldur og skaðleysisyfirlýsing.....	12
20.	Óviðráðanleg atvik.....	13
21.	Uppsögn samnings	14
22.	Ýmis ákvæði	14

1. ALMENNT

Um Arion banka

Arion banki hf., kt. 581008-0150, hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is). Bankinn starfrækir útibú víðsvegar um Ísland og hefur höfuðstöðvar sínar í Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi. Símanúmer er 444-7000 og netfang: arionbanki@arionbanki.is. Nánari upplýsingar um bankann og þjónustu hans má finna á www.arionbanki.is.

Hugtök í skilmálum þessum

Með lögum um verðbréfavíðskipti er í skilmálum þessum átt við lög nr. 108/2007, eins og þeim hefur verið breytt.

Allar tilvísanir til „Arion banka“ eða „bankans“ vísa til Arion banka hf.

Fyrirsagnir í skilmálum þessum eru einungis til útskýringar.

Um almenna markaðsskilmála

Markaðsskilmálarnir gilda um öll víðskipti með fjármálagerninga milli Arion banka og viðskiptavinar. Markmið þeirra er að lýsa réttarsambandi Arion banka og viðskiptavinar vegna víðskipta með fjármálagerninga, hvernig samningar komast á og boðskipti fara fram, hvaða kröfur Arion banki gerir um tryggingar og við hvaða aðstæður Arion banka er heimilt að loka samningum (eftir atvikum með mótstæðum samningi), ganga að veðsettum eignum, gjaldfella lán o.fl. Tilgangur skilmálanna er jafnframt að gera viðskiptavinum grein fyrir eðli þeirra samninga sem falla undir skilmálana og þeirri áhættu sem í slíkum samningum felst og auðvelda viðskiptavinum að meta réttarstöðu sína gagnvart Arion banka.

Um víðskipti og þjónustu samkvæmt skilmálum þessum gilda ýmis lög, reglugerðir og reglur. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma og afla sér ráðgjafar eftir þörfum, þ.á.m. utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar telji viðskiptavinur þörf á því. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður því ekki breytt af hálfu viðskiptavinar án skriflegs samþykkis tveggja stjórnenda Arion banka. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptavinur gerir á þeim hafa því ekki gildi gagnvart Arion banka.

Skilmála þessa, breytingar á þeim og skilmála sem kunna að koma í staðinn fyrir þá er hægt að nálgast á www.arionbanki.is. Þar er jafnframt hægt að fá eftirfarandi efni: Verklagsreglur um framkvæmd víðskiptafyrirmæla, upplýsingar um stefnu Arion banka um hagsmunaárekstra, yfirlit yfir megin-einkenni og áhættur fjármálagerninga, Almenna víðskiptaskilmála Arion banka, útskýringar varðandi flokkun víðskiptavina, upplýsingar um réttarræði víðskiptavina, upplýsingar um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta o.fl.

Arion banki áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert skal það tilkynnt á heimasíðu bankans á vefslóðinni www.arionbanki.is. Sé um veigamiklar breytingar að ræða fyrir víðskiptavin skal framangreint þó tilkynnt víðskiptavinum á varanlegum miðli. Breytingar taka gildi á þeim degi sem tilgreind er í tilkynningunni. Í því tilviki sem skrifleg athugasemd víðskiptavinar hefur ekki borist Arion banka innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu tilkynningar bankans, er litið svo á að víðskiptavinur fallist á að undirgangast hina breyttu skilmála. Þrátt fyrir framangreint er Arion banka heimilt að breyta skilmálum þessum með þeim hætti að sú breyting taki strax gildi eða síðar, ef bankanum er skylt að gera svo samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Ef um slíkt er að ræða skal það tilkynnt á heimasíðu bankans á vefslóðinni www.arionbanki.is. Víðskiptavinur getur ávallt óskað eftir að fá framangreindar tilkynningar með bréfpósti.

Ef víðskiptavinur fellst ekki á að undirgangast breytta skilmála er litið svo á að víðskiptavinur hafi sagt upp samningi um verðbréfaþjónustu, sbr. 21. gr. skilmála þessara.

Vakin er athygli á því að Almennir víðskiptaskilmálar Arion banka gilda jafnframt um víðskipti milli Arion banka og víðskiptavina hans, og koma til fyllingar skilmálum þessum. Skilmálar þessir ganga framar Almennum víðskiptaskilmálum Arion banka enda falli víðskiptin eða þjónustan undir skilmála þessa.

Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða í samningi eða sértækra skilmála sem gerður er á grundvelli þeirra, skulu ákvæði samningsins eða sérstæku skilmálanna gilda.

Ef víðskiptavinur hefur fyrirspurnir varðandi skilmála þessa er honum bent á að hafa samband við Arion banka.

2. ÁHÆTTA VEGNA VIÐSKIPTA MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA

Arion banki vekur athygli viðskiptavinar á því að viðskipti með fjármálagerninga geta verið sérstaklega áhættusöm. Viðskiptavinur skal gera sér grein fyrir að verðmæti þeirra fjármálagerninga sem hann kann að eiga viðskipti með kann að rýrna eða aukast, eftir aðstæðum á markaði. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta, svo sem hætta á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Fyrri árangur er hvorki vísbending um né trygging fyrir framtíðarárangri affjárfestingu.

Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér vel yfirlit bankans yfir megin einkenni og áhættur fjármálagerninga, sem er bæði aðgengilegt á pappírformi og á vefslóðinni www.arionbanki.is.

3. FLOKKUN VIÐSKIPTAVINA

Viðskiptavinur sem óskar eftir verðbréfaþjónustu er flokkaður sem almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili, í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti. Flokkunin ákvarðar hve mikla fjárfestavernd Arion banka ber að veita viðkomandi viðskiptavini. Almennir fjárfestar njóta meiri verndar en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar, en í því felst t.d. aukin upplýsingaskylda af hálfu bankans. Viðskiptavinur getur óskað eftir að afsala sér þeirri réttarvernd sem felst í slíkri flokkun. Slíkt er þó háð mati Arion banka og mun bankinn ekki samþykkja slíka breytingu nema viðskiptavinurinn uppfylli tiltekin lágmarksskilyrði er varða reynslu, þekkingu og fjárhagsstöðu. Fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar geta ávallt óskað eftir aukinni vernd.

4. UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTAVINI

Arion banki leggur áherslu á að þekkja viðskiptavini sína og þarfir þeirra. Þetta er gert í þágu fjárfestaverndar, svo unnt sé að veita viðeigandi þjónustu sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Viðskiptavinur skal, hvenær sem Arion banki óskar þess, afhenda bankanum hverjar þær upplýsingar sem bankinn telur nauðsynlegt að afla, s.s. er lúta að fjárhagsstöðu viðskiptavinar og/eða þekkingu og reynslu hans af viðskiptum með fjármálagerninga og/eða fjárfestingarmarkmiðum. Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar mun bankinn ekki geta veitt tiltekna þjónustu. Viðskiptavinur skal uppfæra framangreindar upplýsingar sem hann veitir Arion banka, ef tilefni er til.

Athygli er vakin á að ef viðskiptavinur veitir ófullkomnar upplýsingar eða lætur hjá líða að veita upplýsingar leiðir það til þess að bankinn getur ekki lagt mat á hvort tiltekin viðskipti séu viðeigandi fyrir hann.

Arion banka er ekki skylt að meta hvort einstök viðskipti séu viðeigandi út frá þekkingu og reynslu viðskiptavinar, þegar um er að ræða bein fyrirmæli um viðskipti með einfalda fjármálagerninga, sem veitt eru að frumkvæði viðskiptavinar. Viðskiptavinur nýtur þá ekki þeirrar verndar sem ella myndi felast í slíku mati.

5. EIGNARAÐILD

Viðskiptavinur skal veita Arion banka upplýsingar um hver sé raunverulegur eigandi þeirra eigna sem lagðar eru inn á reikning viðskiptavinar hjá Arion banka. Viðskiptavinur skal tilkynna Arion banka tafarlaust um allar breytingar á raunverulegu eignarhaldi.

Viðskiptavini er óheimilt að nota fjármuni í viðskiptum við Arion banka, ef þá má rekja beint eða óbeint til refsiverðrar háttsemi.

Viðskiptavinur lýsir því yfir að hann er heimilisfastur í skattalegum skilningi í því landi sem tilgreint er í samningi við viðskiptavin og að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði til að falla undir ákvæði tvísköttunarsamnings (sé slíkur samningur fyrir hendi) milli þess lands þar sem hann er heimilisfastur og þess lands þar sem hann fjárfestir fyrir milligöngu Ariona banka. Viðskiptavinur skal tilkynna Arion banka tafarlaust um breytingar á skattalegri stöðu.

6. MEÐFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

Stjórnarmenn bankans, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavinar, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Sjá nánar 58. – 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Upplýsingar eru þó eftir atvikum sendar til vinnsluaðila sem vinnur persónuupplýsingar á vegum Arion banka eða aðila sem annast vörslu fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavinar, uppgjör viðskipta og sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd Arion banka. Þeir sem veita viðtöku upplýsingum um viðskiptavini eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og að framan greinir.

Viðskiptavini skal vera kunnugt um að til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum er Arion banka nauðsynlegt að safna saman og vinna úr persónuupplýsingum í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Arion banki telst ábyrgðaraðili vinnslunnar í skilningi laganna og er markmiðið með söfnun persónuupplýsinga að tryggja að Arion banki geti efnt skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavini og veitt honum þá þjónustu sem Arion banka er að öðru leyti heimilt að veita. Viðskiptavinur verður að jafnaði auðkenndur með kennitölu og eftir atvikum nafni. Athygli viðskiptavinar er vakin á rétti hans til upplýsinga í samræmi við ákvæði 18. gr. og takmarkanir á upplýsingarétti hans skv. 19. gr. framangreindra laga. Jafnframt er vakin athygli á rétti viðskiptavinar til þess að upplýsingar um hann séu leiðréttar eða þeim eytt við sérstakar kringumstæður.

Með því að undirgangast skilmála þessa veitir viðskiptavinur Arion banka samþykki sitt fyrir því að Arion banki vinni persónuupplýsingar um viðskiptavin, sem verða til í viðskiptasambandi samningsaðila, og noti í markaðsstarfsemi sinni. Viðskiptavini er heimilt að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er.

Með því að undirgangast skilmála þessa veitir viðskiptavinur Arion banka heimild til að vinna úr, með tölvubúnaði eða á annan hátt, sérhverjar upplýsingar sem Arion banki hefur um viðskiptavin og að nota þær upplýsingar til að sjá um og starfrækja reikning viðskiptavinar og veita viðskiptavini þjónustu, til að vakta og greina hegðun viðskiptavinar, til að meta takmarkanir á lánshæfi eða aðrar ákvarðanir varðandi lán (þ.m.t. vexti, þóknunir og önnur gjöld sem eiga við um reikninginn) og gera Arion banka kleift að vinna tölfraeðiupplýsingar og aðra greiningu.

7. SAMSKIPTI AÐILA

Öll gögn/tilkynningar sem snerta viðskipti milli aðila skilmála þessara getur Arion banki sent á það heimilisfang, netfang eða bréfsímanúmer sem viðskiptavinur hefur tilgreint. Þessar upplýsingar og aðrar upplýsingar sem viðskiptavinur lætur Arion banka í té skulu teljast réttar þar til viðskiptavinur tilkynnir annað. Viðskiptavinur skal tilkynna bankanum um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, símanúmeri, bréfsímanúmeri, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Ef viðskiptavinur breytir um lögheimili samkvæmt skráningu í Þjóðskrá mun heimilisfang hans í skrá Arion banka þó breytast sjálfkrafa í samræmi við þá skráningu og það heimilisfang notað nema viðskiptavinur hafi beint þeim fyrirmælum til Arion banka að gögn verði send til annars heimilisfangs en lögheimilis. Ef svo háttar til verður það heimilisfang notað þar til viðskiptavinur tilkynnir um annað. Sé viðskiptavinur ólögráða getur lögráðamaður óskað sérstaklega eftir því að öll gögn verði send á annað nafn og heimilisfang en hins ólögráða viðskiptavinar, en að öðrum kosti verða öll gögn send í samræmi við framangreint.

Bankinn áskilur sér rétt til að senda viðskiptavini gögn/tilkynningar í Netbanka Arion banka, með samþykki viðskiptavinar ef lög gera kröfur þar að lútandi.

Nema lög kveði á um annað skulu öll samskipti Arion banka og viðskiptavinar með rafrænum undirskriftum teljast bindandi líkt og þær hafi verið gerðar með skriflegum hætti, sbr. lög um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001.

8. TILKYNNINGAR ARION BANKA

Tilkynningum vegna samninga sem gerðir eru á grundvelli skilmála þessara getur Arion banki komið á framfæri við viðskiptavinina sína í síma, með tölvupósti, símbréfi eða öðrum hætti sem aðilar koma sér saman um. Tilkynning skal talin send á réttan stað hafi hún verið send á tölvupóstfang/bréfsímanúmer sem viðskiptavinur hefur gefið upp. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn/bréfsími hans kemur ekki tilkynningum til skila, t.d. vegna bilana í viðkomandi búnaði. Tilkynning í síma telst þegar komin til vitundar viðskiptavinar.

Arion banki skal afhenda/sendu viðskiptavininum kvittun vegna sérhverra kaupa eða sölu á fjármálagerningum sem gerð eru fyrir viðskiptavininn innan tilskilins frests samkvæmt lögum og reglum.

Viðskiptavinur fær a.m.k. árlega yfirlit um eignastöðu hans ásamt yfirliti um hreyfingar sem átt hafa sér stað á tímabilinu.

Hafi viðskiptavinur ekki gert athugasemdir með sannanlegum hætti við kvittun eða yfirlit innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu þeirra lítur bankinn svo á að kvittanir og yfirlit hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Bankinn áskilur sér rétt til leiðréttinga í samræmi við raunverulega eign eða skuldir viðskiptavinar. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning þess efnis send viðskiptavininum.

Gögn Arion banka skulu, nema sýnt sé fram á að þau séu röng, vera sönnunargagn um samskipti viðskiptavinar við bankann í tengslum við þá þjónustu sem veitt er samkvæmt skilmálum þessum.

9. VARSLA EIGNA OG FJÁRMUNA

Við yfirfærslu eigna til Arion banka eða við stofnun viðskipta við Arion banka er vörslureikningur opnaður í nafni viðskiptavinarins á grundvelli þessara skilmála, nema samkomulag sé um annað.

Með skilmálum þessum tekur Arion banki að sér að stofna vörslureikning í nafni viðskiptavinar eins og nánar er kveðið á um í skilmálum þessum. Arion banki mun gegna hlutverki vörsluaðila í samræmi við ákvæði þessara skilmála. Arion banki ber ábyrgð á vörslu fjármálagerninga og annarra verðmæta fyrir viðskiptavininn samkvæmt skilmálum þessum. Arion banki skal halda fjármálagerningum og öðrum fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum bankans og skal ávallt unnt að aðgreina eignir sem bankinn varðveitir fyrir einn viðskiptavin frá eignum sem hann varðveitir fyrir sérhvern annan viðskiptavin og frá eigin eignum bankans. Arion banki fjárfestir samkvæmt fyrirmælum frá viðskiptavininum eins og kveðið er á um í skilmálum þessum.

Með skilmálum þessum veitir viðskiptavinur Arion banka umboð sem felur í sér:

- a) Að Arion banka er heimilt að stofna reikning í nafni viðskiptavinar og hefur umboð til að leggja þar inn og taka út fé vegna viðskipta viðskiptavinar með fjármálagerninga. Inn á þann reikning skal leggja allar greiðslur sem viðskiptavinur fær vegna sölu fjármálagerninga og arðgreiðslur. Enn fremur skulu greiddar af þeim reikningi allar greiðslur er viðskiptavinur ber að inna af hendi, s.s. vegna kaupa á fjármálagerningum og þóknunir.
- b) Að Arion banka er heimilt að stofna verðbréfareikning (VS-reikning) í nafni viðskiptavinar vegna rafrænnar skráningar.
- c) Að Arion banka er veitt fullt og ótakmarkað umboð til að varðveita fjármálagerninga viðskiptavinar á tilgreindum vörslureikningi, kaupa og selja fjármálagerninga viðskiptavinar samkvæmt fyrirmælum hans og gera þær ráðstafanir sem Arion banki telur nauðsynlegar til að kaup og sala nái fram að ganga, m.a. að framselja fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar.
- d) Að Arion banka er heimilt að sækja rétt eða eign sem stofnast vegna fjármálagerninga á vörslureikningi, m.a. að innheimta afborganir, arð, verðbætur, vexti og jöfnunarhlutabréf.
- e) Viðskiptavinur veitir Arion banka heimild til að færa til skuldar á reikning/a viðskiptavinar fyrir þóknunum og öðrum kostnaði sem til stofnast vegna fjármálagerninga viðskiptavinar og viðskipta. Viðskiptavinur skal ávallt sjá til þess að nægt fé sé á reikningnum svo Arion banka sé kleift að skuldfæra reikninginn fyrir þóknunum og öðrum kostnaði samkvæmt þessari grein.

Allar ráðstafanir og undirritanir Arion banka í nafni viðskiptavinar í samræmi við ofangreint umboð skulu metnar að jöfnu við það að viðkomandi ráðstafanir og/eða undirritanir hefðu verið gerðar af viðskiptavininum sjálfum.

Arion banka er heimilt að láta þriðja aðila, fyrir hönd bankans, annast vörslu fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavinar, uppgjör viðskipta og sinna tengdum verkefnum. Í þeim tilvikum sem fjármálagerningar eru skráðir á verðbréfamarkaði utan Íslands, hefur Arion banki heimild til að úthýsa vörslu- og uppgjörspjónustunni til þriðja aðila sem kann, eftir atvikum, að vera staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins. Réttarsamband Arion banka og viðskiptavinar helst óbreytt þrátt fyrir að Arion banki nýti þessar heimildir.

Með því að undirgangast skilmála þessa veitir viðskiptavinur Arion banka heimild til að varðveita fjármálagerninga á safnreikningi (safnskráning), í samræmi við 12. gr. laga um verðbréfiðskipti og reglugerð nr. 706/2008 um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi. Arion banki varðveitir ekki fjármálagerninga á safnreikningi nema slíkt sé nauðsynlegt eða viðskiptavinur hefur óskað sérstaklega eftir því. Safnskráning fjármálagerninga felur í sér þá áhættu fyrir viðskiptavin að fjármálagerningar hans kunna að verða ósundurgreinanlegir frá eignum bankans og eignum annarra viðskiptavina. Sé ekki hægt að aðgreina eignir viðskiptavinar frá öðrum eignum getur það haft það í för með sér að réttindi viðskiptavinar tapist ef bú vörsluaðila er tekið til gjaldprotaskipta, greiðslustöðvun er samþykkt, fyrirtækinu er slitið eða ef uppi eru aðrar sambærilegar aðstæður. Í því skyni að forðast að slíkt komi fyrir heldur bankinn skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Vakinn er athygli á að vörsluaðila kann að vera skylt að veita opinberum eftirlitsaðilum upplýsingar um safnskráningu og hvaða viðskiptavinir eru skráðir á safnreikningi á tilteknu tímamarki, sé þess krafist. Í reglugerð nr. 706/2008 er að finna nánari upplýsingar varðandi safnskráningu. Réttarsamband Arion banka og viðskiptavinar helst óbreytt þrátt fyrir að fjármálagerningar séu varðveittir á safnreikningi.

Arion banka er heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af vörslureikningi hans ef viðskiptavinur skuldar gjöld eða þóknunir vegna veittrar þjónustu eða ef sýnt þykir að bankinn kunni að eiga skuldajöfnunarrétt við innstæðu viðskiptavinar, sbr. 17. og 18. gr. þessara skilmála. Þá er bankanum heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af vörslureikningi ef grunur leikur á um misnotkun reikningsins eða sýnt þykir að viðskiptavinur kunni að verða ógreiðslufær ef greiðslan er framkvæmd. Arion banki tilkynnir viðskiptavini svo fljótt sem verða má um slíka synjun.

10. FYRIRMÆLI VIÐSKIPTAVINAR

Samningar geta komist á skriflega, með símtali, símbréfi, tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti sem bankinn hefur samþykkt. Unnt er að framlengja, breyta eða loka samningi með sama hætti og að framan greinir. Viðskiptavinur getur gefið fyrirmæli um viðskipti í gegnum Netbanka Arion banka að því marki sem boðið er upp á slíkt hverju sinni, að því tilskildu að hann sé skráður notandi og hafi samþykkt viðeigandi skilmála um netbankann.

Fyrirmæli viðskiptavinar skulu innihalda fullnægjandi upplýsingar, s.s. um viðskiptavin og númer vörslureiknings og nákvæmar upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti, s.s. magn og kaup- eða söluverð. Bankinn áskilur sér rétt til að óska eftir öryggisupplýsingum áður en fyrirmæli frá viðskiptavini eru framkvæmd.

Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga eða öðrum fyrirmælum til Arion banka. Ef fyrirmæli eru gefin munnlega, s.s. á fundi eða í gegnum síma, ber viðskiptavinur sönnunarbyrði fyrir því að slík fyrirmæli hafi verið gefin, að starfsfólk Arion banka hafi vikið frá þeim fyrirmælum eða tekið ákvarðanir sem heimild hafi ekki verið gefin fyrir.

Viðskiptavinur á ekki einhliða kröfu gagnvart Arion banka um að einstakir samningar séu gerðir á grundvelli þessara skilmála þrátt fyrir að hann hafi samþykkt þá. Samþykki starfsmanna bankans þarf fyrir gerð allra samninga og getur bankinn einhliða fallist á eða hafnað ósk um viðskipti með fjármálagerninga. Starfsfólk Arion banka getur neitað að fara eftir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga, s.s. ef það hefur grun um að fyrirmælin komi ekki frá viðskiptavini eða að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði laga um verðbréfiðskipti. Vakni grunur hjá starfsmanni Arion banka um að fyrirmæli um viðskipti brjóti í bága við lög kann bankanum að vera skylt að tilkynna um slíkan grun til yfirvalda.

Allir samningar, aðrir en samningar um stundarviðskipti með fjármálagerninga, skulu staðfestir skriflega af báðum aðilum. Ef um er að ræða stundarviðskipti með fjármálagerninga staðfestir Arion banki viðskiptin einhliða með bréfi, símbréfi eða tölvupósti til viðskiptavinar. Geri viðskiptavinur ekki athugasemd við staðfestingu innan þriggja (3) daga frá sendingu bréfs, símbréfs eða tölvupósts telst hún í samræmi við það sem um var samið. Ef viðskiptavinur gerir athugasemd skal símbréf, tölvupóstur eða upptaka í síma gilda sem eina sönnun fyrir viðskiptum. Hafi bankinn samþykkt önnur rafræn samskiptakerfi geta þó gögn úr slíkum kerfum gilt sem sönnun. Arion banki sendir frumrit allra samninga til viðskiptavinar, nema þegar um stundarviðskipti er að ræða. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að senda undirrituð frumrit samninga til Arion banka innan fimm (5) daga frá því að skjölin voru send honum til undirritunar. Frumrit vegna stundarviðskipta eru ekki send nema sérstaklega sé óskað eftir slíku.

Arion banka er heimilt að bregðast við fyrirmælum viðskiptavinar eða sem ætla má að gefin séu af viðskiptavini eða þeim einstaklingi sem hefur umboð til að koma fram fyrir hans hönd án þess að kanna frekar hvort um svik sé að ræða, hvort umboð sé fyrir hendi eða kanna persónuauðkenni einstaklingsins, eða þess einstaklings sem ætla má að gefi fyrirmælin.

Ef viðskiptavinur er lögaðili sem hefur gengið að skilmálum þessum, er litið svo á að viðskiptavinur hafi sjálfkrafa veitt tilteknum starfsmönnum innan lögaðilans heimild til að ganga til viðskipta samkvæmt skilmálum þessum nema viðskiptavinur beini skriflegum fyrirmælum um annað til Arion banka. Þessir starfsmenn eru prókúruhafar, framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og þeir sem hafa viðeigandi heimild samkvæmt samþykktum eða undirskriftarlista lögaðilans á hverjum tíma. Að því gefnu að viðskiptavinur hafi ekki takmarkað heimild þessara starfsmanna á annan hátt, skulu þeir hafa heimild, fyrir hönd viðskiptavinar, til að eiga hvers kyns viðskipti og fá hvers kyns þjónustu sem Arion banki veitir á hverjum tíma. Kjósi viðskiptavinur síðar að takmarka þá heimild sem hér er veitt, skal skriflegri yfirlýsingu þess efnis beint að Arion banka sem tekur gildi þegar Arion banki hefur móttakið hana.

Viðskiptavinur getur ávallt óskað eftir upplýsingum um stöðu viðskiptafyrirmæla sem hann hefur veitt Arion banka.

11. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Arion banki hefur sett sér verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Verklagsreglurnar kveða á um á hvaða mörkuðum Arion banki framkvæmir viðskipti og hvernig Arion banki leitast við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin í sérhverjum viðskiptum, með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptum verði og annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um aðra framkvæmd en verklagsreglur gera ráð fyrir mun Arion banki leitast við að fylgja þeim fyrirmælum. Vakin skal athygli á því að verklagsreglurnar gera ráð fyrir að fyrirmæli geti verið framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF). Verklagsreglurnar eru endurskoðaðar reglulega og eru aðgengilegar á www.arionbanki.is

Arion banki hefur gert viðeigandi ráðstafanir sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina, með tilliti til fyrirmæla annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuna Arion banka. Þessar ráðstafanir gera ráð fyrir að fyrirmæli sem eru að öðru leyti sambærileg séu framkvæmd í þeirri röð sem þau berast Arion banka.

Þegar um er að ræða skilyrt fyrirmæli sem ekki eru framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna skal Arion banki, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað, stuðla að því að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis á aðgengilegan hátt. Arion banki getur fullnægt þessari skyldu með miðlun fyrirmælanna til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).

Arion banka er heimilt að sinna fyrirmælum viðskiptavinar með fyrirmælum annars viðskiptavinar. Slíkt skal þó ekki gert nema ólíklegt verði að teljast að samsafn fyrirmæla muni í heild reynast óhagstæð einhverjum viðskiptavina. Athygli viðskiptavinar er vakin á því að áhrif samsafnsins geta þó reynst óhagstæð í einstökum tilvikum.

12. SKRIFLEGT UMBOÐ

Viðskiptavininn er heimilt að veita þriðja aðila umboð til að gera samninga fyrir sína hönd, enda sé umboðið skriflegt og fullnægjandi að mati Arion banka. Umboðið skal talið vera í gildi þar til Arion banka hefur borist skrifleg tilkynning um breytingu eða niðurfellingu þess eða það fellur úr gildi samkvæmt efni sínu. Umboðsmaðurinn skal að beiðni Arion banka sanna umboð sitt. Sé það ekki gert, getur Arion banki virt umboð að vettugi og ber ekki ábyrgð á því tjóni sem það kann að valda.

13. HLJÓÐRITUN

Til að tryggja nákvæmni í viðskiptum milli viðskiptavinnar og Arion banka og í því skyni að leiðrétta hugsanlegan misskilning, kunna símtöl viðskiptavinnar við starfsmenn Arion banka að vera hljóðrituð, bæði þau sem eru móttækin og þau sem starfsmenn hringja, án þess að sérstaklega sé tilkynnt fyrirfram um slíkt í hvert sinn. Upptökurnar eru eign bankans og gerðar samkvæmt heimild í 48. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Með því að undirgangast skilmála þessa samþykkir viðskiptavinur að slíkar hljóðritanir megi leggja fram í dómsmáli og/eða nota sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað aðilum að skilmálum þessum fór á milli, s.s. um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta. Að öðru leyti skal Arion banki fara með upptökur símtala líkt og með aðrar upplýsingar er lúta bankaleynd, sbr. 58.-60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Arion banki ber ekki ábyrgð á því ef símtal hefur ekki verið hljóðritað, enda ábyrgist Arion banki ekki að öll símtöl séu hljóðrituð.

14. KOSTNAÐUR, GJÖLD, ÞÓKNANIR OG GREIÐSLUR

Viðskiptavinur skal greiða þóknunir samkvæmt verðskrá Arion banka eins og hún er á hverjum tíma og/eða eins og sérstaklega er um samið milli aðila vegna einstakra viðskipta. Verðskrána má nálgast á heimasíðu bankans á slóðinni www.arionbanki.is/verdskra og í útibúum bankans.

Gjöld og greiðslur: Arion banka er heimilt að draga gjöld frá sérhverjum fjármunum sem Arion banki fær í sína vörslu fyrir viðskiptavin. Undir gjöld geta fallið viðeigandi skattar og opinber gjöld, þóknunir Arion banka og allur annar kostnaður Arion banka í tengslum við viðskipti viðskiptavinnar. Í samræmi við verðskrá Arion banka, mun hann innheimta vexti (bæði fyrir og eftir sérhvern dóm/úrskurð) vegna þeirra greiðslna sem ekki eru greiddar á gjalddaga, reiknuðum samkvæmt því vaxtastigi sem fram kemur í skilmálum þessum (dráttarvextir) nema viðskiptavinur greiði slíkar kröfur þegar þær stofnast. Arion banka er jafnframt heimilt án tilkynningar að halda eftir eða draga frá hvers kyns greiðslur, arð, vexti eða annað sem Arion banki telur að hann geti þurft að halda eftir eða draga frá á grundvelli laga eða reglugerða í hvaða lögsögu sem er.

Þóknunir geta í ákveðnum tilvikum og samkvæmt samningi milli viðskiptavinnar og Arion banka verið hærri eða lægri en þóknunir í verðskrá bankans.

Í verðskrá bankans kemur fram hvernig vörsluþóknun er reiknuð og gjaldfærð og er annar kostnaður skuldfærður þegar til hans stofnast, nema sérstaklega sé samið á annan veg.

Skaðleysi vegna gjaldmiðla: Ef til kostnaðar stofnast í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu, hvort sem er samkvæmt dómi/úrskurði dómstóls eða á annan hátt, skal viðskiptavinur tryggja skaðleysi Arion banka vegna hvers kyns kostnaðar (þar með talið vegna umbreytingar á gjaldeyri) og tjóns sem Arion banki verður fyrir af þeim sökum að Arion banka var greitt í öðrum gjaldmiðli en um varsamið.

Skattaskaðleysi: Allar greiðslur viðskiptavinnar samkvæmt skilmálum þessum skulu vera lausar við og án frádráttar hvers kyns skatta, þó innan þeirra marka sem viðskiptavininn er skyldur að hlýða lögum samkvæmt. Ef draga verður frá skatt eða fjárhæðir í tengslum við skatta frá greiðslum viðskiptavinnar eða greiðslum sem hann á að greiða samkvæmt þessu, skal viðskiptavinur greiða viðbót við slíkar greiðslur þannig að Arion banki fái greidda fulla greiðslu sem hann hefði annars fengið ef ekki hefði komið til frádráttar vegna skatts.

Kostnaður vegna vanskila: Þegar um vanskil er að ræða samþykkir viðskiptavinur að greiða Arion banka, til viðbótar við kostnað samkvæmt verðskrá, allan kostnað sem Arion banki verður að bera vegna vanskila, s.s. vegna dómsmála, lögfræðiþóknunir og önnur gjöld sem bankinn greiðir og annan lögfræðikostnað sem upp safnast, í samræmi við skilmála þessa.

Viðskiptavinur getur haft samband við Arion banka til að fá nánari upplýsingar um gjöld og þóknunir.

15. HALDSRÉTTUR

Arion banki hefur haldsrétt í þeim fjármálagerningum og fjármunum sem eru á vörslureikningi fyrir greiðslum sem bankinn kann að eiga rétt á frá viðskiptavini vegna viðskipta með fjármálagerninga og eru gjaldfallnar. Arion banka er heimilt að selja þá fjármálagerninga og aðra fjármuni sem bankinn á haldsrétt í vegna slíkra skulda svo og vaxta og kostnaðar vegna þeirra. Arion banki skal þó gefa viðskiptavini hæfilegan frest til að greiða skuldina.

Þegar viðskiptavinur fjárfestir í fjármálagerningi og ekki er næg innstæða á reikningi viðskiptavinar til að ganga frá kaupnum á uppgjörstegi og ekkert viktímabil er umsamið milli aðila þessara skilmála, hefur Arion banki heimild til að selja umrædda fjármálagerninga og þá með þeim hætti sem Arion banki telur við hæfi. Bankinn eignast kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söluverði þeirra auk kostnaðar.

16. TRYGGINGAR

a) Tryggingar vegna viðskipta og viðbótartryggingar

Óski Arion banki eftir að veittar verði tryggingar vegna viðskipta, skal viðskiptavinur leggja fram tryggingar sem Arion banki metur fullnægjandi hverju sinni. Bankinn hefur hvenær sem er rétt til að krefjast trygginga sem hann metur fullnægjandi hverju sinni og er sá réttur til staðar enda þótt trygginga hafi ekki verið krafist áður. Bankinn getur hvenær sem er sett fram kröfu um viðbótartryggingar ef hann metur tryggingar ófullnægjandi en það getur m.a. verið vegna þess að tryggingarverðmæti hinna veðsettu eigna hefur lækkað að mati bankans, vegna lækkunar á þeim verðmætum sem tryggð eru eða vegna markaðsaðstæðna. Viðskiptavinur skuldbindur sig jafnframt til að undirrita sérstakan handveðssamning, tryggingabréf eða önnur sambærileg skjöl sé farið fram á slíkt. Bankanum er í sjálfsvald sett hvernig hann metur framlögð tryggingarverðmæti og hvort þau séu fullnægjandi.

Leggi viðskiptavinur fram eign á vörslureikningi sem tryggingu skal reikningurinn vera hjá Arion banka, nema samið sé um annað sérstaklega. Tryggingar viðskiptavinar sem lagðar eru fram í formi rafréfa skulu veðsettar á VS-reikningi viðskiptavinar sem er tengdur vörslureikningi hans hjá Arion banka. Leggi viðskiptavinur fram fjármálagerninga á pappírformi sem tryggingu skulu þeir vera í vörslu Arion banka. Verði slík bréf síðar skráð rafrænni eignaskráningu felst í samþykki viðskiptavinar á skilmálum þessum umboð til handa Arion banka að stofna VS-reikning í hans nafni og færa fjármálagerningana á hann. Hafi tryggingar vegna viðskipta verið veittar er viðskiptavini óheimilt að framselja þær tryggingar án samþykkis Arion banka.

Geri bankinn kröfu um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, hvort sem miðað er við verðmæti hinna veðsettu eigna eða verðmæti þeirra samninga sem ætlað er að tryggja og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal viðskiptavinur leggja fram viðbótartryggingar þannig að tilgreindu lágmarki verði náð á ný innan þess tímafrests sem bankinn setur.

Arion banki áskilur sér rétt til að leggja reglulega mat á tryggingarverðmæti þeirra eigna sem lagðar eru fram til tryggingar. Tryggingarverðmæti eigna getur verið annað en markaðsvirði þeirra á hverjum tíma og byggist matið á verklagsreglum Arion banka. Slíkt mat er undirstaða fyrir mat á tryggingarverðmæti nema um annað sé samið. Bankinn áskilur sér rétt til að endurskoða verklagsreglur sínar reglulega. Arion banki er ekki undir neinum kringumstæðum skuldbundinn til að kalla eftir frekari tryggingum eða viðbótartryggingum frá viðskiptavini. Viðskiptavinur skal fylgjast með markaðsverðmæti trygginga sem hann hefur lagt Arion banka í té á hverjum tíma og skal fylgjast með að þær fullnægi skuldbindingum hans gagnvart Arion banka. Viðskiptavinur getur ávallt lagt fram frekari tryggingar en bankinn gerir kröfu um. Ef markaðsverðmæti fjármálagerninga sem lagðir hafa verið fram til tryggingar lækkar skyndilega sem veldur því, að mati Arion banka, að viðskiptavinur geti ekki fullnægt skuldbindingu sinni um framlagðar tryggingar, getur Arion banki selt án fyrirvara alla eða hluta af fjármálagerningum viðskiptavinar, sem lagðir hafa verið fram til tryggingar.

b) Tímamörk

Setji Arion banki fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptavinur leggja fram fullnægjandi tryggingar innan fimm (5) virkra daga frá því slík krafa er gerð, nema um annan frest sé samið. Bankanum er þó heimilt að setja skemmri frest, krefjast trygginga samdægurs, eða stytta áður umsamdan frest leiði breytingar á markaðsaðstæðum til slíks. Ef fullnægjandi tryggingar/viðbótartryggingar eru ekki lagðar fram innan tilskilins frests er um verulega vanefnd að ræða, sbr. 18. gr. skilmálaþessara.

17. SKULDAJÖFNUN

Um skuldajöfnuð í viðskiptum með fjármálagerninga gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund fjármálagerninga, getur bankinn krafist skuldajöfnuðar þannig að einungis komi til greiðslu mismunar, ef einhver er.
2. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu getur bankinn engu að síður krafist skuldajöfnuðar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur bankinn umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnuðar kemur.
3. Ef skuldbindingar viðskiptavinar, samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa, eru gjaldfelldar, sbr. 18. gr., getur Arion banki beitt skuldajöfnuði vegna krafna samkvæmt öllum samningum sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðila um sig verði gerður upp í einu lagi og aðeins mismunur, ef einhver er, kemur til greiðslu. Þetta takmarkar ekki rétt Arion banka til að skuldajafna þeirri greiðslu gagnvart öðrum skuldbindingum sem viðskiptavinur gæti haft gagnvart Arion banka.

Uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umbreyting, skal gert í samræmi við d-lið 18. gr. Ef Arion banki ákveður að beita skuldajöfnuði mun Arion banki tilkynna viðskiptavini um slíkt með fresti sem nemur a.m.k. fimm (5) virkum dögum nema um annað sé samið eða Arion banki telji ástæðu til að stytta frestinn.

Með samþykki sínu á þessum skilmálum samþykkir viðskiptavinur að kominn sé á skriflegur samningur við Arion banka í samræmi við V. kafla laga um verðbréfavíðskipti, um að skyldur viðskiptavinar og Arion banka, samkvæmt samningum um afleiður, sbr. 40. gr. laga um verðbréfavíðskipti, skuli jafnast hvor á móti annarri með skuldajöfnun, við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og að skilmálarnir skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, með síðari breytingum.

18. VANEFNDIR, GJALDFELLINGARHEIMILDIR O.FL.

a) Óveruleg vanefnd

Standi viðskiptavinur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem vísa til skilmála þessara, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur fimm (5) virka daga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd telst hafa komið upp. Ef viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd skv. þessari grein innan tilskilins frests telst um verulega vanefnd að ræða, sbr. b) liður þessarar greinar.

b) Veruleg vanefnd

Þegar um verulega vanefnd er að ræða er Arion banka heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella skyldur viðskiptavinar gagnvart bankanum. Arion banka er þá heimilt að beita skuldajöfnuði, að svo miklu leyti sem það er unnt, eins og skuldajöfnuði er lýst í 17. gr.

Bankanum er m.a. heimilt að gjaldfella eða loka samningi og/eða samningum fyrirvaralaust þegar viðskiptavinur vanefnir skuldbindingar sínar verulega. Lokun með móttæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi með tilliti til markaðsverðmætis fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavinar, markaðsvaxta og kjara viðskiptavinar á hverjum tíma. Við útreikning á hagnaði/tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi.

Neðangreind tilvik skulu ávallt skoðast sem verulegar vanefndir í þessum skilningi:

- Ef viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd, sbr. a)-lið þessarar greinar innan fimm (5) virkra daga.
- Ef viðskiptavinur er í vanskilum við bankann með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan fimm (5) virkra daga frá því vanskil hófust, eða er ítrekað í vanskilum við Arion banka.
- Ef viðskiptavinur leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar/viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr.16. gr., eða tap viðskiptavinar af samningum fer yfir 80% af markaðsvirði trygginga, nema á annan veg sé samið.
- Ef undirrituð frumrit samninga hafa ekki borist bankanum innan fimm (5) virkra daga frá dagsetningusamnings eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.
- Ef (i) viðskiptavinur er dæmdur til greiðslu peningaskuldar sem færð er í vanskilaskrá, (ii) gert er fjárnám hjá viðskiptavini, (iii) viðskiptavinur óskar eftir greiðslustöðvun, (iv) viðskiptavinur óskar eftir eða gerir nauðasamninga, (v) viðskiptavinur óskar eftir eða gerir samninga við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, (vi) lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti viðskiptavinar (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), (vii) beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar eða (viii) líkur eru á því að mati Arion banka að viðskiptavinur muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum.
- Ef viðskiptavinur hefur vanrækt upplýsinga- og tilkynningaskyldu sína samkvæmt skilmálum þessum.
- Ef viðskiptavinur, sem er lögaðili, hættir starfsemi.

c) Tilkynningar

Arion banki tilkynnir viðskiptavini um gjaldfellingu skuldbindingar hans eða lokun samnings/samninga vegna verulegra vanefnda.

Komi til gjaldfellingar samnings eða viðskiptavinnu greiðir ekki á gjalddaga skal bankinn senda honum tilkynningu um útreikning bankans á stöðu hinna gjaldfelldu skulda og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Tilkynningin skal send eigi síðar en fimmtán (15) dögum frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna Arion banka þegar í stað um öll fyrirbyggjandi eða fyrirsjáanleg vanefndatilvik samkvæmt skilmálum þessum og skilmálum og samningum þeim tengdum.

d) Aðferð við uppgjör, verðmat og umreikning

Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar samnings/samninga annast Arion banki útreikning á hagnaði/tapi viðskiptavinnu af viðeigandi samningi/samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga. Arion banki skal senda viðskiptavini þann útreikning eigi síðar en fimmtán (15) dögum eftir gjaldfellingu eða lokun samnings/samninga.

Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal miðað við lokaverð á viðkomandi markaði daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati Arion banka er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri viðskiptadaga og taka tillit til veltu bréfanna einstaka daga.

Arion banka er ávallt heimilt, en ekki skylt, að umreikna vanefndar kröfur í erlendri mynt í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11:00 á uppgjörstigi.

e) Dráttarvextir

Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfu(m) bankans í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með gjalddaga/gjaldfellingu til greiðsludags, hvort sem krafan er í íslenskum krónum, hefur verið umreiknuð í íslenskar krónur eða er í erlendri mynt.

Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf (12) mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf (12) mánuðum eftir fyrsta dag vanskila, hvort sem hún er í íslenskum krónum, umreiknuð í íslenskar krónur eða í erlendri mynt.

f) Kostnaður

Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar skuldbindur hann sig til að greiða Arion banka, til viðbótar við þann kostnað sem honum ber að greiða samkvæmt verðskrá, allan kostnað sem Arion banki leggur út vegna vanefnda, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða öðru er Arion banka ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum.

g) Skuldfærsla

Ef krafa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum, gjaldfellingardegi, er Arion banka heimilt að færa til skuldar reikning viðskiptavinar hjá Arion banka og gera þannig kröfuna upp, ef mögulegt er í þeim gjaldmiðli sem krafan er í. Gjaldalagi ákvarðast ýmist samkvæmt viðkomandi samningi eða almennri venju.

h) Fullnustuheimildir

Komi til þess að skuldbindingar viðskiptavinar séu gjaldfelldar eða samningi/samningum lokað, að hluta til eða öllu, er Arion banka heimilt án frekari fyrirvara að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett á hvern þann hátt sem Arion banki kýs, m.a. með sölu fjármálagerninga án nauðungarsölu. Er bankanum í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem hafa verið settar eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

19. SAMNINGSSKYLDUR OG SKAÐLEYSISYFIRLÝSING

Arion banki ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptavinar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema sérstakur samningur sé gerður um slíkt. Það er því á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við Arion banka.

Ef Arion banki gjaldfellir einhverjar skuldbindingar viðskiptavinar og viðskiptavinur verður fyrir tjóni vegna þessa, ber Arion banki ekki ábyrgð á slíku tjóni. Þetta felur meðal annars í sér, en er þó ekki takmarkað við, að Arion banki ber ekki ábyrgð á missi viðskiptavinar af hagnaði eða arði affjármálagerningum.

Þar sem markaðsaðstæður geta breyst mikið á skömmum tíma ábyrgist Arion banki ekki að unnt sé að afgreiða viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar á umbeðnu gengi. Arion banki ber ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir við það að viðskiptafyrirmæli séu afgreidd á óhagstæðari kjörum en viðskiptavinur gerði ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða viðskiptafyrirmælin. Arion banki ber hvorki ábyrgð á að fjármálagerningar beri þá ávöxtun sem bankinn eða viðskiptavinur hefur væntingar um, né heldur að þróun gjaldmiðla verði með þeim hætti er aðilar kunna að gera sér vonir um. Þá ber Arion banki ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint af upplýsingum eða aðgerðum þriðja aðila eða af lögákveðnum skyldum bankans.

Arion banki ber enga ábyrgð vegna tjóns sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þess að fyrirmæli eru ekki framkvæmd vegna gruns um umboðsskort eða að þau komi ekki frá viðskiptavini.

Arion banka er ekki skylt að vekja athygli viðskiptavina á tilkynningum frá einstökum útgefendum fjármálagerninga. Það er á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með tilkynningum útgefenda sem hann kann að varða.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á m.a. skattalegum, lögfræðilegum eða bókhaldslegum afleiðingum tengt viðskiptum og er hann hvattur til að leita sér sjálfstæðrar ráðgjafar um m.a. skattaleg, lögfræðileg og bókhaldsleg atriði, eftir því sem hann telur viðeigandi.

Arion banki ber ekki ábyrgð á því ef viðskiptavinur stendur ekki við skyldur sínar gagnvart Arion banka með þeim afleiðingum að Arion banki gengur að tryggingum, eða beitir þeim ákvæðum sem bankanum eru heimil til sölu trygginga eða gengið er að tryggingum að öðru leyti, á lægra verði eða gengi en viðskiptavinur gerði ráð fyrir.

Verði lagður skattur og/eða opinber gjöld á viðskipti með fjármálagerninga sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptavinur greiða þau viðbótargjöld til viðkomandi yfirvalds þannig að Arion banki fái að fullu greidda þá fjárhæð sem greiða skal til bankans samkvæmt viðkomandi samningi. Ef sú lagaskylda er lögð á Arion banka að bankinn haldi eftir skatti eða gjöldum, er Arion banka heimilt að hækka upphæðina sem skattinum nemur, þannig að samanlögð greiðsla (án skatta) sé sú greiðsla sem aðilar hafa samið um.

Arion banki ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og stafar af óviðráðanlegum atvikum (force majeure), eins og það er skilgreint í 20. gr.

Arion banki ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórn málalegs, fjármálalegs, tæknilegs eðlis (þ. á m. rof á fjarskiptum) eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem bankinn veitir jafnvel þótt slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.

Arion banki ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum og tölvubúnaði bankans eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma eða bréfsímum Arion banka. Verði viðskiptavinur fyrir tjóni vegna þess að tilkynningar milli aðila þessara skilmála misfarast, t.d. ef tölvupóstur misferst af einhverjum ástæðum, bréfasendingar komast ekki til skila, ef upp koma tæknilegir örðugleikar eða misskilningur vegna ógreinilegra fyrirmæla í símbréfssendingu eða í síma, ber Arion banki enga ábyrgð á því tjóni.

Vera kann að Arion banki geti ekki framkvæmt viðskipti með fjármálagerninga vegna bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.fl. Arion banki ber ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar vegna slíkra atvika.

Almenn takmörkun á ábyrgð Arion banka: Hvorki Arion banki, stjórnendur eða aðrir starfsmenn Arion banka né umboðsmenn bankans bera ábyrgð á tjóni, kostnaði eða útgjöldum, sem viðskiptavinur verður fyrir vegna viðskipta eða samninga sem stofnað er til á grundvelli þessara skilmála (þar með talið þar sem Arion banki hefur hafnað að taka þátt í fyrirhuguðum viðskiptum) sökum gáleysis, nema slíkt tap sé almennt fyrirsjáanleg afleiðing eða beinlínis til komið vegna stórkostlegs gáleysis Arion banka, ásetnings eða svika. Ábyrgð nær ekki undir neinum kringumstæðum yfir tap sem viðskiptavinur eða þriðji aðili verður fyrir vegna sérstaks tjóns, eða taps af hagnaði eða tapi á viðskiptavild eða tapi á viðskiptatækifærum sem upp koma eða til verða í tengslum við skilmála þessa, hvort sem er vegna vanrækslu, samningsbrots, villandi upplýsinga eða öðrum orsökum.

Skattalegar afleiðingar: Arion banki ber ekki ábyrgð á óhagstæðum skattalegum afleiðingum viðskipta eða vegna annarra atvika.

Breyttar markaðsaðstæður: Arion banki ber í engum tilvikum ábyrgð á frestunum eða breytingum á markaðsaðstæðum sem gerast áður en viðskipti eru framkvæmd.

20. ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK (FORCE MAJEURE)

Í þessum skilmálum merkir „óviðráðanleg atvik“ hver þau atvik sem hindra Arion banka í að standa við einhverja eða allar þær skuldbindingar sem ýmist stafa frá eða má rekja til athafna, atburða, vanrækslu eða óhappa sem ætla má að sé utan þess sem gera má ráð fyrir að Arion banki hafi stjórn á, þar með talið, en án takmarkana, hvers kyns bilana, truflana eða óvirkni samskipta- eða tölvubúnaðar, náttúruhamfara, stríðs, hryðjuverka, skemmdarverka, borgaralegra óeirða, verkfalls, laga og reglugerða stjórnvalda eða samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi.

Geti Arion banki ekki sinnt skuldbindingum sínum vegna óviðráðanlegra atvika, mun Arion banki gera viðskiptavini viðvart um það með sannanlegum hætti þar sem eðli og umfangi atvikanna er lýst. Arion banka er ekki skylt að inna af hendi neina af skuldbindingum sínum vegna óviðráðanlegra atvika eða á meðan sú staða er enn uppi. Arion banki skal kappkosta að koma því í kring að hinum óviðráðanlegu atvikum ljúki sem fyrst eða finna lausn á því með hvaða hætti efna megji samkomulagið þrátt fyrir áframhaldandi óviðráðanleg atvik. Skal Arion banki gera allar viðeigandi ráðstafanir svo að unnt sé að efna skuldbindingar eftir að óviðráðanlegum atvikum lýkur. Arion banki ber ekki ábyrgð gagnvart viðskiptavinum á neinum tögum, að hluta eða öllu leyti á skuldbindingum sem hér eiga undir vegna ástæðna sem rekja má til óviðráðanlegra atvika.

21. UPPSÖGN SAMNINGS

Viðskiptavininn er frjálst að slíta viðskiptasambandi sínu við Arion banka án fyrirvara. Arion banka er frjálst að slíta viðskiptasambandi sínu við viðskiptavininn með fjögurra vikna fyrirvara. Fjármálagerningar og aðrar eignir viðskiptavinnar skulu afhentar viðskiptavininum við lok fjögurra vikna tímabilsins. Slíti viðskiptavininn samningssambandinu án fyrirvara, skal Arion banki afhenda allar eignir eins fljótt og unnt er. Veiti viðskiptavininn Arion banka ófullnægjandi upplýsingar eða grípi ekki til nauðsynlegra ráðstafana svo að Arion banki geti afhent eignirnar, hefur bankinn eignirnar í sinni umsjá fyrir hönd viðskiptavinnar og á hans kostnað, samkvæmt skilmálum þessum, þar til viðskiptavininn hefur gripið til viðeigandi ráðstafana.

22. ÝMIS ÁKVÆÐI

Andlát viðskiptavinnar: Við andlát viðskiptavinnar skal gera Arion banka viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa bankann um ráðstöfun réttinda og skyldna hins látna. Hafi Arion banki ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila innan tíu (10) daga frá andláti viðskiptavinnar skulu áður gefnar upplýsingar, t.d. um umboð til að koma fram fyrir hönd hins látna, teljast réttar auk þess sem Arion banka er þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka samningi viðskiptavinnar við Arion banka. Ber bankinn enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Arion banki áskilur sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrirmælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur viðskiptavinnar eftir andlát hans. Ber bankinn enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af þessu.

Slit og samruni lögaðila: Við slit/samruna lögaðila skal gera Arion banka viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa Arion banka um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptavinnar. Hafi Arion banki ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila innan tíu (10) daga frá slitum/samruna viðskiptavinnar skulu áður gefnar upplýsingar, t.d. um umboð til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinnar, teljast réttar auk þess sem Arion banka er þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka samningi viðskiptavinnar við Arion banka. Ber bankinn enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Arion banki áskilur sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrirmælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur viðskiptavinnar. Ber bankinn enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af þessu.

Ógildi að hluta: Ef einhver ákvæði þessara skilmála eru eða verða ólögleg, ógild eða óframkvæmanleg að einhverju leyti vegna löggjafar í sérhverri lögsögu, skal það hvorki hafa áhrif á lögmæti, gildi og framkvæmanleika þeirra ákvæða þessara skilmála sem eftir standa, né áhrif á lögmæti gildi eða framkvæmanleika slíkra ákvæða samkvæmt lögum í annarri lögsögu.

Ógildi að öllu leyti: Ef þessir skilmálar eru eða verði taldir óskuldbindandi í heild fyrir aðila skulu fyrri markaðsskilmálar og vörslusamningur sem viðskiptavininn samþykkti (ef um slíkt er að ræða) ráða réttarstöðu aðila.

Varnarþing og löggjöf: Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Rísi ágreiningur varðandi þessa skilmála skal það mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Afsal friðhelgis: Viðskiptavininn afsalar sér, að svo miklu leyti sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum, þannig að óafturkallanlegt sé, með tilliti til sín sjálfs, tekna og eigna (óháð notkun eða ætlaðri notkun þeirra), allri friðhelgi, sem hann gæti notið á grundvelli úrlendisréttar eða á svipuðum grundvelli, frá (i) málsókn, (ii) lögsögu sérhvers dómstóls, (iii) lögbanni eða beinum aðfarargerðum, (iv) haldlagningu/eignaupptöku (hvort sem slíkt fer fram fyrir eða eftir dómsuppsögu) og (v) fullnustu sérhvers dóms eða úrskurðar, sem lýtur að viðskiptavininum, tekjum eða eignum viðskiptavinnar í sérhverri málsmeðferð dómstóla í hverri lögsögu. Viðskiptavininn veitir óafturkallanlegt samþykki sitt, að svo miklu leyti sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum, að hann muni ekki krefjast slíkrar friðhelgi í neinu dómsmáli.